

Skýrsla frá stjórn Körfuknattleikssambands Íslands.

29. janúar - 10. maí 1961.

Körfuknattleikssamband Íslands var stofnað 29. janúar s.l., samkvæmt samþykkt fundar Sambandsráðs ÍSÍ á síðastliðnu hausti.

Stofnaðilar voru þessir: Körfuknattleiksráð Reykjavíkur, Íþróttabandalag Hafnarfjarðar, Íþróttabandalag Keflavíkur, Íþróttabandalag Suðurnesja, Íþróttabandalag Vestmannaeyja, Íþróttabandalag Akureyrar.

Stjórn og verkaskipting: Bogi Þorsteinsson, formaður, Benedikt Jakobs-son varaformaður, Matthías Matthíasson, féhirðir, Magnús Björnsson, bréfritari, Kristinn Jóhannsson, fundarritari, Ásgeir Guðmundsson, form. útbreiðslunefndar, Helgi Jónsson, formaður laganefndar.

Stjórnarfundir hafa verið haldnir vikulega og oftár, eftir þörfum.

Nefndaskipun: Þegar á fyrsta stjórnarfundinum voru skipaðar nokkrar nefndir til að vinna að þeim verkefnum, sem mest voru aðkallandi.

Útbreiðslunefnd: Ásgeir Guðmundsson, formaður, Guðmundur Georgsson, Þorbjörn Pétursson.

Laganefnd: Helgi Jónsson, Þorsteinn Hallgrímsson.

Landsliðsnefnd: Þórir Guðmundsson, formaður, Helgi Sigurðsson, Helgi Jóhannsson.

Fjóröflunarnefnd: Matthías Matthíasson, formaður, Ingi Þorsteinsson, Ingólfur Örnólfsson.

Undirbúningur undir landsleiki: ÍSÍ hafði, sem sérsamband í körfuknattleik, ritað ýmsum erlendum aðilum og óskað eftir samningum um landsleiki voruð 1961. Jákvætt svar hafði borist frá Dönum. Fréttir af þessum undirbúningi höfðu þegar komið fram í blöðum og útvarpi. Körfuknattleikssambandið hóf störf sín með tveggja hendur tómar, en taldi þó að vinna bæri að því að senda landslið út til keppni, ef þess væri nokkur kostur, jafnvel þótt að sambandið yrði að hleypa sér í skuldir. Haldið var áfram bréfasambandi við Dani og einnig við Svía, en frá þeim barst tilboð um landsleik í Stokkhólmi, sem KKÍ sá sér ekki fært að taka vegna kostnaðar. Danir buðu hins vegar upp á þriggja lands keppni í Kaupmannahöfn, Ísland, Finnland, Danmörk. Þúrust Danir til að greiða uppihald í Danmörku, en ferðakostnað urðum vil að greiða sjálfir. Þessu boði var tekið. Síðar kom í ljós að Finnar gátu ekki komið til Danmerkur, svo sem áður hafði verið um samið. Danir brugðust vel og drengilega við og tókst þeim að fá sænska landsliðið til að ganga inn í keppnina í stað Finna. Þó urðu Danir að greiða helming ferðakostnaðar fyrir Svía.

Landsliðsnefnd sú, er skipuð var á fyrsta fundi stjórnarinnar, valdi þegar 14 pílta til landsliðsæfinga og réði Helga Jóhannsson ÍR, sem landsliðsþjálfara. Æfingar fóru fram í Íþróttahúsi Háskólans, þrisvar í viku auk tveggja æfinga í KR-húsinu. Enn fremur lék landsliðið nokkra æfingaleiki á Keflavíkurflugvelli. Benedikt Jakobsson þrekprófaði landsliðsmenn.

Fjárhagsáætlun var gerð fyrir utanförina og kom í ljós að kostnaður var alls kr. 95.000.00. Til þess að vinna upp í kostnað þennan, voru haldnir nokkrir leikir að Hálogalandi til ágóða fyrir utanfararsjóð. Hraðkeppni með þátttöku ÍR, KR, KFR, ÍKF og Ármanns. Sigurvegari KFR. Leikur milli úrvalsliða 19 ára og eldri gegn piltum yngri en 19 ára. Unglingarnir sigruðu í skammtilegum leik. Enn fremur voru ákveðnir tveir leikir við úrvalslið af Keflavíkurflugvelli, en aðeins annar leikurinn fór fram. Flugvallarmenn sigruðu naumlega.

KKÍ gaf út vandaða leikskrá fyrir Íslandsmótið og voru ýms fyrirtæki fengin til að kaupa auglýsingar í leikskránni. Hagnaður af leikskránni var kr. 11.000.00.

Utanferð og landsleikir: Vegna þröngs fjárhags KKÍ var ákveðið að senda út aðeins 10 leikmenn og einn fararstjóra, auk þjálfara. Var ákveðið að formaður KKÍ færi sem fararstjóri. Síðar kom í ljós að Magnús Björnsson ritari KKÍ gat verið í Kaupmannahöfn á sama tíma og landsliðið og tók hann að sér að vera aðstoðarfararstjóri KKÍ að kostnaðarlausu. Þessir leikmenn voru valdir til fararinnar: Ingi Gunnarsson ÍKF, Birgir Örn Birgis Ármanni, Hörður Kristinsson Ármanni, Þorsteinn Hallgrímsson ÍR, Guðmundur Þorsteinsson ÍR, Hólmsteinn Sigurðsson ÍR, Ingi Þorsteinsson KFR, Ólafur Thorlacius KFR, Einar Matthíasson KFR og Kristinn Jóhannsson ÍS.

Skömmu fyrir utanförina kom í ljós að okkur var ætlað að leika landsleikina tvo 2. og 3. apríl. Þar sem erfitt var að leika tvo leiki í röð með aðeins 10 leikmenn, þá bauðst KFR til að greiða ferðakostnað fyrir Marínó Sveinsson KFR, en hann var næstur á lista landsliðsnefndar til að fá sæti í landsliðinu. Bóði þessu var tekið með þökkum.

Landsliðið fór utan laugardeginn 1. apríl með Flugfélagi Íslands. Farið var beint af Køstrupflugvelli á jónbrautarstöðina og haldið til Hróaskeldu og horft á landsleik Dana og Svía um kvöldið og síðan gíst þar um nóttina. Daginn eftir var farið með jónbrautarlest til Næstved og keppt við Svía um kvöldið. Landsleikurinn fór fram í Næstvedhallen, sem er nýtt íþróttahús. Leiknum lauk með sigri Svía 53:45. Okkar menn

höfðu náð yfirhöndinni í síðari hálfleik skömmu fyrir leikslok, en þá fór hinn sænski dómari að hella mjög á Íslendinga og má telja að hann hafi átt stóran þátt í sigri Svía. Eftir landsleikinn var haldið aftur til Hróaskeldu og gíst þar um nóttina.

Árla næsta morgun (annan páskaðag) var haldið til Kaupmannahafnar og leikinn landsleikur við Dani í Bellahøjhallen em eftirmiðdaginn. Leik þessum lauk með naumum sigri Dana 49:45 og náðu Danir yfirhöndinni þegar 35 sek. voru eftir af leiktíma. Hér skeði það einnig að dómarar voru mjög hlutdrægir.

Þann 5. apríl var leikinn aukaleikur við Danmerkurmeistarana SISU og sigraði landsliðið 56:47. Fleiri leikir voru ekki leiknir í ferðinni, enda þótt ýms félög óskuðu eftir leikjum síðar. Landsliðið tæfðist í Höfn í tvo daga, vegna þess að flugferð féll niður. Dvaldi liðið á kostnað Flugfélags Íslands þennan tíma. Heim var komið að kvöldi 9. apríl.

Enda þótt landslið okkar tapaði báðum landsleikjunum, þá færði það okkur sönnur á að um miklar framfarir hefir verið að ræða hjá körfuknattleiksmönnum okkar og að þeir standa hinum Norðurlandþjóðunum fyllilega jafnfætis í þessari íþróttagrein.

Íslandsmótið 1961: Vegna æfinga og utanferðar landsliðsins, var Íslandsmótið haldið seinna en lög gera ráð fyrir, Mótið hófst 10. apríl og lauk 30. s.m. Körfuknattleiksráð Reykjavíkur sá um framkvæmd mótsins.

Íslandsmót þetta var það stærsta, sem hafið hefir verið. Alls tóku þátt í mótinu 30 lið frá 8 félögum, en leikir voru um 50.

Íslandsmeistarar 1961: Meistaraflokkur karla ÍR. Meistaraflokkur kvenna KR. I.fl. karla KFR. II.fl. karla ÍR. II.fl. kvenna ÍR. III.fl. drengja KR. IV.fl. drengja ÍR.

Hvað er fræmundan? Eins og að líkum lætur, þá hefir stjórn KKI haft ærið að starfa á sínum stutta starfsferli við fjáröflun, undirbúning utanfararinnar og landsleika og síðan Íslandsmótið. Ýms verkefni, sem stjórnin hefir áhuga á, hafa því orðið að sitja á hakanum. Fjárskortur hefir mjög allri starfsemi sambandsins, en allar framkvæmdir kosta fé. Hér skal dregið á nokkur atriði, sem stjórn KKI telur mest aðkallandi:

1. Erlendur þjálfari. Von er til að bandarískur þjálfari fáiist í haust, með aðstoð Upplýsingaþjónustu Bandaríkjanna. Mun þá verða leitast við að halda þjálfaranámskeið fyrir íþróttakennara og áhugamenn í samráði við íþróttafulltrúa ríkisins.

2. Afreksmerkjakeppni unglings. Tekist hefir að afla upplýsinga um knattþrautir unglings frá Svíþjóð og hefir KKI áhuga á að koma slíkri keppni á hér á landi. Knattþrautir þær, sem unglingsmennir verða að leysa, ættu að auka mjög á knattmeðferð þeirra á svipaðan hátt og knattþrautir knattspyrnumanna.
3. Endurskoðun á körfuknattleiksreglum. Á körfuknattleiksþingi, sem haldið var í Rómaborg í sambandi við Ólympíuleikina, voru samþykktar verulegar breytingar á körfuknattleiksreglunum. Verður unnið að því í sumar, að færa körfuknattleiksreglur ekkar til samræmingar og þarf því verki að vera lokið fyrir haustið, en hinar nýju reglur ganga í gildi 1. júní n.k.
4. Mótareglur. Mótareglur hafa verið endurskoðaðar og voru þær notaðar á nýafstöðnu Íslandsmóti. Endanlegt samþykki þessara reglna bíður körfuknattleiksþings í haust.
5. Æfingar landsliðsins. Stjórn KKI hefir mikinn áhuga á að halda áfram samæfingum landsliðsmanna. Fyrirhuguð er þátttaka Íslands í bikarkeppni Norðurlanda, Polar Cup, sem hefst í Stokkhólmi í nóv. 1962, en síðan er gert ráð fyrir að keppt verði á tveggja ára fresti, til skiptis hjá þátttökubjóðunum. 1964 fer keppnin fram í Finnlandi.
6. Útbreiðslustarf. Engin fræðslutit um körfuknattleik, að frátöldum leikreglum, hafa verið gefin út hér á landi, en stjórn KKI hefir mikinn áhuga á útgáfu slíkra rita, strax og fjárhagur leyfir. Stjórnin telur einnig æskilegt að sýningarflokkar verði sendir út á land til að kynna íþróttina og lyfta undir starfseminu þar. Einnig væri æskilegt að sem flest félög kæmu sér upp körfum úti og héldu uppi úti æfingum yfir sumarmánuðina eftir því sem aðstæður leyfðu.